

Reykjavík, 23. febrúar 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, 465. mál.

Dómarafélag Íslands kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemd við II. kafla D og 75. gr. frumvarpsins.

Dómarafélag Íslands telur að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé í eðli sínu dómsathöfn. Skilgreina beri samfélagsþjónustu sem tegund refsingar. Er hún almennt þannig flokkuð af fræðimönnum.

Grundvallarmunur er á refsingu og fullnustu refsingar. Ákvörðun um refsingu er á verksviði dómstóla. Framkvæmdavaldið annast fullnustu refsinga samkvæmt dómi. Engin tengst eiga að vera á milli þessara þátta. Dómstóll lítur til ýmissa atriða við ákvörðun refsingar, en þar á ekki að að hyggja að því hvernig framkvæmdavaldið muni síðar fara að við fullnustu hennar. Oft getur það verið viðeigandi að gera brotamanni að sæta refsingu í formi samfélagsþjónustu, en samkvæmt núgildandi lögum geta dómstólar ekki beitt slíkri refsingu og er það mjög óeðlilegt. Einnig er óeðlilegt að framkvæmdavaldið geti breytt ákvörðun dómara um refsingu brotamanns við fullnustu hennar, en það er í raun það sem á sér stað þegar Fangelsismálastofnun ákveður hvort brotamaður fái að afplána refsingu sína með samfélagsþjónustu.

Sömu sjónarmið eiga við varðandi ákvörðun á því hvort vararefsing verði afplánuð með samfélagsþjónustu.

Með vísan til framangreinds leggur Dómarafélag Íslands til að almennum hegningarlögum verði breytt þannig að samfélagsþjónusu verði bætt við sem tegund viðurlaga, og að því frumvarpi sem hér liggur fyrir verði breytt í samræmi við það.

f/h. stjórnar Dómarafélags Íslands

Hjördís Hákonardóttir

formaður